# Leikskólinn Holt

# 2023 – 2024




## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans : Virðing – Umhyggja - Samvinna ........ 3

1 Greinargerð leikskólastjóra ........ 3

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 ........ 4

**3 Innra mat** ........ 7

3.1 Berg ........ 7

3.2 Litla-Fell ........ 8

3.3 Stóra-Fell ........ 10

3.4 Sel ........ 12

3.5 Bakki ........ 13

3.6 Hóll ........ 14

4 Innra mat sérkennslu ........ 15

5 Innra mat – fjöltyngd börn ........ 18

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla ........ 19

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ........ 20

8 Foreldrasamvinna ........ 21

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ........ 21

10 Fylgigögn ........ 22

**10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs** ........ 22

**10.2 Fylgiskjal 2 Tímarammi 2023-2024** ........ 22

**10.3 Fylgiskjal 3 Leikskóladagatal 2023-2024** ........ 22

## Leiðarljós leikskólans : Virðing – Umhyggja - Samvinna

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2022-2023 einkenndist af mikilli seiglu og dugnaði starfsmanna í Holti. Mikið sem ég er stolt af mínu fólki. Covid tímabilið dofnar svolítið í samanburðinum eftir svakalegan veikindavetur. Við erum ótrúlega úrræðagóð og lausnarmiðuð, starfsfólk í leikskólum! Hvernig við náðum að láta allt ganga upp eins vel og hægt var miðað við aðstæður. Við unnum þetta saman og spiluðum úr því sem við höfðum í höndunum hverju sinni. Foreldrar fóru ekki varhluta af erfiðleikum vetrarins, því aldrei höfum við þurft að senda börn eins oft heim og síðast liðinn vetur.

Þrátt fyrir þessar mjög svo krefjandi aðstæður þá náðum við að halda faglegu starfi gangandi að mestu leyti, sem er algjörlega frábært afrek hjá starfsmannahópnum í Holti. Málörvun var á öllum deildum, Menntastefnan, Lubbi og Blær komu inn eftir aðstæðum og meira að segja Hringekjan var nokkuð reglulega.

Vinnan í Menntastefnunni heldur áfram og við höldum okkar striki með félagsfærni og læsi. Það passar mjög vel inn í alla okkar vinnu með málörvun alla daga og samstarfi við Fellaskóla og leikskólann Ösp í verkefninu Málþroski og læsi í Fellaskóla. Einnig ætlum við efla þekkingu okkar í sjálfseflingu og virkni barna á næstu misserum.

Samstarfsverkefnið „Málþroski og læsi í Fellahverfi“ með Fellaskóla og Ösp heldur áfram sem aldrei fyrr. Það sýnir sig alltaf meira og meira hvað þetta er frábært og mikilvægt verkefni. Brynja, deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla, hefur verið að koma reglulega inn á eldri deildar í Holti og Ösp og allir deildarstjórar fara reglulega í Fellaskóla til að funda með Brynju. Þetta er ómetanlegur stuðningur og hefur haldið öllum vel við efnið þennan erfiða vetur. Miðja máls og læsis hefur líka verið að koma inn í leikskólana og tekið orðaforðapróf á eldri börnunum. Ætlunin er að festa þetta í sessi svo við getum nýtt niðurstöðurnar betur í okkar vinnu með börnunum.

Samstarfsverkefnið „Málþroski og læsi í Fellahverfi“ fékk Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur skólaárið 2022-2023. Mjög skemmtilegt að fá þessa viðurkenningu. Þetta er svo mikilvægt verkefni og er áfram að sýna mikilvægi sitt í okkar vinnu með börnunum og ekki síður í okkar frábæru samvinnu milli skólanna. Og þar skiptir staða deildarstjóra máls og læsis í Fellaskóla miklu máli.

Við vorum með tvo nema frá Þýskalandi hjá okkur í vetur, önnur þeirra var að koma í annað skiptið og var hjá okkur í 6 mánuði. Áfram komu nemar í starfsnám úr 9. og 10.bekk Fellaskóla, alltaf jafn gaman að fá þessa flottu nemendur inn í leikskólann.

# 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

## Innra mat

| **Hvað var metið?** | **Hvernig fór matið fram?** | **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** |
|---|---|---|---|
| **Málörvun í óskipulögðum stundum** | Umræður og hópavinna á fundum og á starfsdögum | Allt starfsfólk | Það gengur mjög vel með málörvun í skipulögðum stundum. En við þurfum að huga betur að óskipulögðum stundum, frjálsi leikurinn, fataklefinn, matartíminn, útiveran. Hvernig getum við aukið málörvun í þessum stundum |
| **Samskiptastefna (áður agastefna)** | Umræður og hópavinna á fundum og starfsdögum | Allt starfsfólk | Samskiptastefnan er tilbúin og komin upp á vegg. Erum við að fara eftir henni ? Gengur ágætlega, en þurfum að samræma aðeins betur og fara betur yfir útiveru og frjálsan leik |

## Ytra mat

| **Hvað var metið?** | **Hvernig fór matið fram?** | **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** |
|---|---|---|---|
| **Foreldrakönnun SFS** | Spurningarkönnun á netinu frá SFS | Foreldrar | Mjög mikil ánægja hjá foreldrum með leikskólann í heild sinni. Nánast allar mælingar voru á „grænu“ og hækkuðu frá síðsustu könnun. Það eina sem var á „gulu“ var að leikskólinn leitaði ekki nægjanlega mikið til foreldra eftir hugmyndum, var ekki nógu duglegur í að hvetja foreldra í meiri þátttöku í skólastarfinu og að halda foreldrum nægjanlega |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | upplýstum um framfarir barna sinna. |
| **Starfsmannakönnun SFS**<br><br>**Stofnun ársins lagði fyrir og Gallup sá um framkvæmd** | Spurningarkönnun á netinu | Starfsmenn<br><br>15 af 28 starfsmönnum<br><br>svöruðu | Í heildina komu niðurstöður vel út. Ánægja og stolt af vinnustaðnum, jafnrétti á vinnustað og ímynd vinnustaðsins kom best út. Það sem þarf að huga aðeins að er starfsandi og stjórnun |

## Umbótaáætlun 2023-2024

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig og hvenær metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjórnun** | | | | | | | |
| Skýra betur hlutverk og verkefni stjórnenda | Að verkaskipting sé skýr. Skipta verkefnum á milli | Með skýrari verkaskiptingu, umræðum og samtali | Allir stjórnendur í leikskólanum | Haust 2023 | Vor 2024 | Umræður og samtal Handleiðsla ef þarf | Að allir aðillar séu öruggir í sínu hlutverki og hvað er vænst af þeim |
| Skerpa hlutverk starfsmanna | Að allir séu með sitt hlutverk og sín verkefni á hreinu | Með skýrari verkaskiptingu, umræðum og að rýna í starfslýsingar | Allir starfsmenn í leikskólanum | Haust 2023 | Vor 2024 | Umræður á fundum og starfsdögum | Að allir séu öruggir í sínu hlutverki og hvað sé vænst af þeim |
| **Uppeldis- og menntastarf** | | | | | | | |
| Málörvun í óskipulögðum stundum | Að allir starfsmenn auki málörvun í óskipulögðum stundum | Með því að útskýra, leiðbeina og aðstoða hvort annað. Ræða saman á fundum og benda á það sem tekst vel og það sem þarf að laga | Allir starfsmenn | Haust 2023 | Vor 2024 | Umræður á fundum og starfsdögum | Að allir starfsmenn séu öruggir í að sinna málörvun í óskipulögðum stundum |
| **Mannauður/ Leikskólabragur** | | | | | | | |
| Samskiptastefna | Að allir viti hvernig samskipti við viljum hafa í leikskólanum | Með því að útskýra, leiðbeina og aðstoða hvort annað. Ræða saman á fundum og benda á það sem tekst vel og það sem þarf að laga | Allir starfsmenn | Haust 2023 | Vor 2024 | Umræður á fundum og starfsdögum | Að allir starfsmenn verði öruggir og betri í samskiptum við hvort annað, börn og foreldra |
| Málstefna | Að íslenska sé leikskólamálið | Með því að útskýra, leiðbeina og aðstoða hvort annað. Ræða saman á fundum og benda á það sem tekst vel og það sem þarf að laga | Allir starfsmenn | Haust 2023 | Vor 2024 | Umræður á fundum og starfsdögum | Að allir starfsmenn verði öruggir að tala íslensku í leikskólanum |
| **Innra mat** | | | | | | | |
| Samskiptastefna | Hjálpast að við að fara eftir stefnunni | Umræður á deildum og á fundum | Allir starfsmenn | Haust 2023 | Vor 2024 | Umræður á fundum | Að farið sé eftir samskiptastefnunni okkar |

# 3 Innra mat

## 3.1 Berg

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samverustund og veðurfræðingur** | Börn geti sagt sitt nafn og annarra. Byrja að telja upp í 15 (fjöldi barna á deild) Kunna sinn staf. Að börn viti hvernig þau eiga að klæða sig þann dag. | Förum í samverustund á hverjum degi, syngjum saman lög. Klöppum nöfn og sýnum bókstafinn þeirra. Talið er hversu margir eru mættir þann dag. Sýnum börnunum hvernig þau eiga að klæða sig fyrir útiveru eftir veðri á myndrænan hátt. | Starfsfólk á deildinni | Ágúst 2023 | Júlí 2024 | Starfsmenn ræða saman um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa á deildarfundum. Rætt er um börn sem við þurfum að fylgjast betur eftir. | Þegar börn geta klappað sitt nafn sjálft, og annarra. Byrja að syngja með og gera hreyfingar. |
| **Hópastarf** | Að börnin fái að læra leik í minni hópum. | Hópastarf er daglega og börnunum er skipt í 3 hópa, 4-5 börn í hóp. Unnið er með list, könnunarleik og málörvun til skiptis, Blær verkefni, Lubbi | Hópstjóri hvers hóps. | Ágúst 2023 | Júlí 2024 | Starfsmenn ræða saman um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa á deildarfundum. | Að börnin eru að ná að dunda sér við leik og ná betri samskiptum við börnin í hópnum sínum og sinn hópstjóra. |
| **Málörvun** | Að efla börnin í máli og skilning. | Unnið er með verkefnin „lærum og leikum“ og „lubbi finnur málbein“ á hverjum degi fyrir hádegi. Einnig er appið „Georg og félagar“ tekið fyrir 3-4 sinnum í viku. | Deildarstjórar og starfsmenn deildarinnar. | Ágúst 2023 | Júlí 2024 | Starfsmenn ræða saman um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa á deildarfundum. Rætt er um börn sem við þurfum að fylgjast betur eftir. Starfsmenn vita þá hvað börnin geta og viti hvort að þau þurfi frekari aðstoð við málörvun. | Að börnin skilji fyrirmæli, leiðbeiningar og almennar samræður. Einnig að barnið geti tjáð sig við fullorðna og börn. |
| **Bókaormur** | Að börnin geti hlustað á stuttar sögur og koma með bækur af sjálfsdáðum. Svarað spurningum lesefni. | Það er alltaf spennandi að fá að koma með bók og kveikir það hlutverk virkilega bókaáhuga barnanna. Bókalestur í góðra vina hópi, þar sem kennarinn les með leikrænum tilburðum og spjallar við börnin um söguþráðinn eftir hlustunarskilning. | Starfsmaður sem sér um lestrarstund. | Ágúst 2023 | Júlí 2024 | Starfsmaður sem sér um lestrarstund þá viku ræður við aðra starfsmenn hvernig gekk og hvort börnunum fannst bókin skemmtileg. | Þegar börnin sækja í að lesa bækur og sýna þeim áhuga. Einnig að þau meðtaki orðaforða úr bókunum. |
| **Útivera** | Að börn hafi ánægju til að vera úti og leikið sér með leikföng á viðeigandi máta ásamt að æfa félagsfærni við börn á öðrum aldri. Börnin geti klætt og | Farið er út 1-2 sinnum á dag. Mismunandi leikföng eru hvern dag. Nýtt er leiksvæðið til að skoða umhverfið og nærliggjandi náttúru. Á sumrin er reynt að fara sem mest út. | Starfsmenn á deild. | Ágúst 2023 | Júlí 2024 | Ræðum saman reglulega hvernig útivera er að ganga. Metum hvort að einhver börn þurfi aðstoð við að komast inn í leik með öðrum börnum. Hvort börnin kunni að | Að börnin vilji fara út að sjálfsdáðum. Geti klætt sig sjálf með eins litli aðstoð og hægt er. Leikið sér með leikföng á viðeigandi hátt. Þekkir sitt nærliggjandi umhverfi. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | afklætt sig sjálft að mestu leiti. | | | | | leika saman í hóp óháð aldri. | |

**Greinagerð deildarstjóra á Bergi**

Á Bergi eru 15 börn fædd árið 2021. 15 börn voru í aðlögun yfir veturinn, 6 stelpur og 9 strákar. Aðlögun gekk vel og voru um 3-5 börn saman í hverri viku.
Tungumálin sem eru töluð á Bergi eru: Íslenska, pólska, lettneska, og serbneska, gríska, enska.
Á Bergi vinna 5 starfsmenn, þar af er einn starfsmaður með stuðning. 3 starfsmenn eru með um 5 börn í hóp. Allir vinna mikið með sinn hóp.
Á hverjum degi hefur starfsmaðurinn 40 mínútur til þjálfunar, börnunum er skipt í þrjá fimm manna hópa þannig að hverju barni er veitt hámarks athygli á þessum tíma. Þau læra lesa bækur og telja, teikna, föndra o.s.frv.
Blær verkefnið var einnig innleitt í hópastarfinu. Í augnablikinu er starfsfólk vel meðvitað um Blær verkefnið og geta þeir sinnt Vináttuverkefninu sjálfstætt í sínum litla hópi.
Þegar kennarar skipta nemendum upp í smærri hópa (4-5 börn) til að vinna saman geta nemendur í raun fengið meiri athygli. Kennarar sem kenna öllum börnunum (15 hóp) gætu ekki tekið eftir nemanda sem á í erfiðleikum og þurfa að einbeita sér að hópastjórnun frekar en einstaklingsmiðaðri athygli. Hópvinna gerir kennurum kleift að þróa einstaklingsmiðaða námskrá sem hentar hverju barni og finna einstaklingsbundna nálgun við hvert barn.
Niðurstöður sýna að framkvæmd hópvinnuverkefnisins reyndist fyrst og fremst ganga vel fyrir börnin sem og leikskólakennara.
Við erum með „bókin mín“ sem er fjölskyldu tengt, foreldrar prenta myndir af börnunum og fjölskyldu og skrifa viðeigandi texta. Börnin geta skoðað inni á deild og sýnt öðrum.
Við unnum daglega með veðurfræðinginn og að klappa nöfn í samverustund og sýna bókstaf. Einnig var unnið með „Lubbi finnur málbein“ í hópastarfi, málörvun og samverustundum. Innan málörvunar stundanna nýtum við ýmis verkefni til dæmis Lubbi finnur málbeinið, Lærum og leikum, Processing Program, föndur og útbúin hafa sérstök spil fyrir málörvun til þess að auðvelda starfsfólki í hópavinnu, við syngjum lög með börnunum, kennum þeim rím eða vísur, förum á milli stöðva og þau fá að taka þátt í ýmsum verkefnum, lesum bækur sem innihalda flóknari og erfiðari orð til þess að auka orðaforða barnanna.
Á þessi ári byrja við nýtt verkefni ,, Bókaormur ,, Á deildinni okkar skiptast börnin á að vera bókaormur vikunnar. Þá kemur viðkomandi barn með bók í leikskólann og er hún lesin fyrir hópinn.
Við buðum foreldrum í kaffi tvisvar í þessi ári , þar sem börn léku sér með foreldrum sínum, kynntu sína deild og teiknuðu með foreldrum sínum.
Á næsta ári viljum við halda áfram með gott skipulag okkar. Við viljum fara oftar í vettvangsferðir eins og á bókasafn, strætó ferðir, og göngutúra. Okkur langar að fara með krakkana í sveitaferð á næsta ári. Við viljum einnig auka samstarf við foreldra og bjóða þeim oftar inn á deild.

## 3.2 Litla-Fell

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Málörvun** | Að efla börnin í máli og skilning. | Fara í skipulagða málörvun á hverjum degi. | Deildarstjóri og aðrir | Ágúst 2023 | Júní 2024 | Starfsfólk fundar reglulega og ræðir saman um | Sjá framfarir í máli og skilning hjá börnunum. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Leggja orð á allt sem við gerum allan daginn og tölum við börnin. | starfsmenn deildarinnar. | | | hvernig gengur, hvort að við sjáum árangur og hvort að það séu einhver börn sem að þurfi sértæka aðstoð. | Að þau geti tjáð sig með orðum. |
| Samverustund | Börnin læri að sitja í hóp, klappa nafnið sitt, syngja, telja hve margir eru mættir, hlusta á sögur. Förum yfir hvaða dagur er, hvernig veðrið sé og hvernig á að klæða sig fyrir útiveru þann daginn. | Förum í 2-3 samverustundir á hverjum degi. Þar syngjum við, klöppum nafn allra sem mættir eru, hlustum á sögur. Notum líka Lubba, lærum og leikum og Georg og félagar. | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar. | Ágúst 2023 | Júní 2024 | Starfsfólk ræði saman um hvernig gengur. Hvort að við sjáum framfarir og hvort að það sem við erum að gera sé að skila sér til barnanna. | Börnin geti setið saman í hóp og tekið þátt í samverustund. Geti klappað nafnið sitt og annarra barna. Geti setið og hlustað á sögur. |
| **Frjáls leikur** | Að börnin fái tækifæri til þess að læra að leika saman í hóp og læri að deila leikföngum með öðrum | Hafa frjálsan leik í dagskipulaginu á hverjum degi. Leyfa börnunum að fá að leika sér óáreitt og geti fengið að velja hvaða dót það vill leika með hverju sinni. | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar | Ágúst 2023 | Júní 2024 | Starfsfólk ræði saman og sjái hvernig gengur í frjálsa leiknum. Hvort að það séu börn sem að þurfi að grípa inn í og aðstoða við að koma þeim inn í leik með öðrum börnum. | Að börnin geti leikið sér ein og við önnur börn. Geti deilt leikföngum með öðrum. |
| **Útivera** | Að börnin fái að njóta þess að vera úti, kynnist nærumhverfi sínu. Læri að klæða sig í og úr útifötum. | Fara út á hverjum degi. Nota mismunandi leikföng í útiveru. Nýta leikvelli hér í kring og fara í göngutúra | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar. | Ágúst 2023 | Júní 2024 | Að ræða saman reglulega hvernig útiveran gangi. Hvort að það séu einhver börn sem að þurfi aðstoð við að komast inn í leik með öðrum börnum. Hvort að einhver börn séu ekki að njóta sín í útiveru. | Að börnin geti notið sín í leik úti og hafi gaman að. Að börnin fái að kynnast nærumhverfi sínu með því að vera duglegar að fara út úr garðinum. |
| **Bókaormur** | Að börnin fái að velja bók heima sjá sér og koma með í leikskólann sem er svo lesin í samverustund. | Í byrjun vikunnar eru valin börn sem fá að vera bókaormar þá vikuna. Settur er miði í hólf barnanna daginn fyrir og auglýst á Facebook fyrir foreldra. | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar. | Ágúst 2023. | Júní 2024. | Starfsmenn ræða saman reglulega og meta hvort að það þurfi að breyta útfærslunni eitthvað. | Að tengja leikskólann og heimilið meira saman. Börnunum finnist gaman að koma með bók og láta lesa hana fyrir hópinn. |
| **Göngu- og strætóferðir** | Að börnin fái að kynnast nærumhverfi sínu. Læri að ganga saman í hóp og fái að njóta þess að ferðast um í strætó og skoða nýja staði. | Skipuleggja ferðir, bæði gönguferðir og strætóferðir. | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar. | Ágúst 2023. | Júní 2024. | Starfsmenn deildarinnar ræða saman eftir hverja ferð og meta hvernig gekk og hvað betur mætti fara. | Að börnin geti alltaf farið aðeins lengra í hverri ferð. Byrjum á stuttum ferðum og lengjum þær eftir því hvernig gengur með börnin. |

**Greinagerð deildarstjóra á Litla-Felli**

Á Litla Felli vinna 3 starfsmenn og 1 starfsmaður með stuðning. Á deildinni voru 14 börn í byrjun skólaárs en í lok skólaárs voru þau orðin 12. Það voru 9 þjóðerni á deildinni.
Við vorum mikið að vinna með Lubba, Lærum og leikum með hljóðin og Georg appið.
Fórum í 2-3 samverustundir á dag og málörvun á hverjum degi.
Við byrjuðum með verkefnið bókaormur dagsins, þá mega börnin koma með bók að heiman og svo er hún lesin í samverustund fyrir hin börnin. Börnunum finnst þetta mjög skemmtilegt og koma ánægð inn með bókina á morgnana.
Við vorum dugleg að fara í gönguferðir og í strætóferðir. Vorum að fara á leikvelli hér nálægt, fórum í Húsdýragarðinn, á tjörnina að skoða endurnar og tókum líka bara hring í strætó. Börnin voru svo ánægð með þetta og töluðum um þetta í marga daga eftir ferðirnar.

## 3.3 Stóra-Fell

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Samverustund og veðurfræðingur** | Að börnin viti og geti sagt sitt nafn og annarra. Talið er upp í 20 á hverjum degi. Að börnin viti hvernig þau eiga að klæða sig í útiveru þann dag. | Farið er í samverustund á hverjum degi, þrisvar á dag. Eftir morgunmat, fyrir hádegismat og fyrir kaffi. Sungin eru lög tengd þemum, börnunum sýnt á myndrænum hátt hvernig á að klæða sig þann dag. Börn og starfsmenn eru talin á hverjum degi upphátt og einnig upp í 20. Börnin eru hvött til að syngja upphátt og tekið er fyrir eitt barn til að leiða sönginn hvern dag. | Starfsfólk á deildinni og deildastjóri | Ágúst 2023 | Júlí 2024 | Starfsmenn og deildastjóri ræða saman á deildarfundum um hvað gengur vel og hvað mætti bæta. Rætt er um hvaða börn þurfa eftirfylgni. | Börnin geti setið saman í hóp og tekið þátt í samverustund. Þegar börnin þekkja nafnið sitt og annarra, geta sungið með og gert hreyfingar. Talið upp í 20 og klæði sig sjálft. |
| **Frjáls leikur** | Að börnin fái að læra leik á sínum forsendum. Leikurinn er grunninn að námi barna, eðli leiksins | Frjáls leikur er daglega og börnunum er boðið að velja hvað þau vilja leika. | Starfsmenn deildarinnar og deildarstjóri | Ágúst 2023 | Júlí 2024 | Starfsmenn ræða saman um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa á deildarfundum. Kennarinn á að taka lýðræðislega nálgun, ekki setja niður | Að börnin eru að ná að dunda sér við leik og ná betri samskiptum við önnur börn bæði í hlutverkaleik |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | skiptir máli. Leikur er mikilvægasta leiðin til að kenna börnum. | | | | | ákvarðanir eða lausnir, heldur semja, spyrja spurninga og gefa börnum tækifæri til að velja. Hann þarf að hlusta á raddir þeirra og hugmyndir og skoða einstaklings einkenni hvers barns, styrkleika þess og getu. | eða í uppbyggilegum leik. |
| **Málörvun** | Málörvunin á að efla börnin í máli og skilning. | Unnið er með verkefnin „lærum og leikum“ og „lubbi finnur málbein“ á hverjum degi í samverustund eftir morgunmat. Verkefni‘ „Blær“ er tekið fyrir tvisvar í viku og einnig í daglegum frjálsum leik. | Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar | Ágúst 2023 | Júlí 2024 | Starfsmenn ræða saman á deildarfundum um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa. Tekin eru fyrir börn sem við þurfum að fylgjast betur eftir og hver þarf meiri eftirfylgni. Starfsmenn eru þá meðvitaðir um getu barnanna og viti hvort þau þurfi frekari aðstoð við málörvun. | Að börnin skilji fyrirmæli, leiðbeiningar og almennar samræður. Að þau sýni skilning á því þema sem tekið var fyrir þá viku og þekki þau orð sem var lagt áherslu á. |
| **Lestrarstund** | Að börnin geti hlustað á stuttar sögur og leiti í bækur af sjálfsdáðum. Svarað spurningum um lesefni. | Lesið er fyrir börnin á hverjum degi í samverustund fyrir kaffitímann. Bækurnar eru tengdar þemum. Verkefni „Bókaormur“. | Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar | Ágúst 2023 | Júlí 2024 | Starfsmaður sem sér um lestrarstund þá viku ræður við aðra starfsmenn hvernig gekk og hvort börnunum fannst bókin skemmtileg. | Þegar börnin sækja sjálf í að lesa bækur og sýni þeim áhuga. Þegar börnin meðtaka orðaforðann úr bókunum og geti hlustað með. |
| **Útivera** | Að börn hafi ánægju til að vera úti og geti leikið sér með leikföng á viðeigandi máta ásamt að æfa félagsfærni við börn á öðrum aldri. Börnin geti klætt og afklætt sig sjálft að mestu leiti. Það skiptir miklu máli að útiumhverfi ýti undir að börn vilji leika sér og hvetji þau til rannsókna og athuganna. | Farið er út 1-2 sinnum á dag. Mismunandi leikföng eru hvern dag. Nýtt er leiksvæðið til að skoða umhverfið og nærliggjandi náttúru. Á sumrin er reynt að fara sem mest út. | Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar | Ágúst 2023 | Júlí 2024 | Ræðum saman reglulega hvernig útivera er að ganga. Metum hvort að einhver börn þurfi aðstoð við að komast inn í leik með öðrum börnum. Hvort börnin kunni að leika saman í hóp óháð aldri. Mikilvægt er að kennari sé styðjandi við börnin og veki þau til frekari umhugsunar um námsefnið, það hvetur þau á þann hátt að þau horfi til baka og tengi við eigin reynslu. | Að börnin vilji fara út að sjálfsdáðum. Geti klætt sig sjálf með eins lítilli aðstoð og hægt er. Leikið sér með leikföng á viðeigandi hátt. Þekkir sitt nærliggjandi umhverfi. Nám sem fer fram utandyra hentar sumum börnum betur en að sitja á stól við borð. Því er mikilvægt að hlusta á börn og leyfa þeim að láta í ljós viðhorf sín. |

**Greinagerð deildarstjóra á Stóra-Felli**

Á deildinni Stóra-Felli eru 16 börn. Þrjú börn voru í aðlögun fyrir veturinn, og eitt barn í mars. 12 börn komu af öðrum deildum. Á deildinni eru 11 strákar og 4 stelpur. Tungumálin sem eru töluð á Stóra Felli eru: íslenska, pólska, ítalska, franska, spænska, arabíska, taílenska og slóvakíska.
Aðlögun gekk vel. Við upphaf leikskólagöngu þarf að leggja grunn að samstarfi milli foreldra og leikskóla og þarf umhyggja og velferð barnsins að vera í forgrunni. Leikskólastarfsfólki ber að sýna virðingu og skilning gagnvart mismunandi fjölskyldugerðum og menningu. Mikilvægt er að byggja upp traust, allir fái tækifæri á að deila sínum sjónarmiðum og taki sameiginlegar ákvarðanir hvað varðar einstök börn.
Það eru þrír starfsmenn og einn stuðningsstarfsmaður fastir á deildinni. Hver starfsmaður er með sinn hóp og skipuleggur hópastarfið. Það gekk vel og við ætlum að halda áfram með þetta á næstu vetur.
Við unnum daglega með hvaða dagur er, dagsetning og mánuður og hvernig veðrið er og í hvað ætlum við að klæða sig í þegar við förum út. Börnin læra að klappa nöfn sín og segja nöfnin foreldrana og systkini. Í samverustund sem er daglega læra börnin að syngja og telja upp í 20. Einnig var unnið með „Lubbi finnur málbein“, „Lærum og leikum“ og „Blær“. Alla daga kennum við börnunum hvernig þau eiga að klæða sig, borðsiði og mannasiði. Við notum ýmis einföld verkefni og auðveld borðspil eins og lóttó sem börnin eru alltaf til í að spila.
Á þessa ári var lögð áhersla á lestur. Allskonar bækur og leiðtöflusögur eru lesnar fyrir börnin á hverjum degi. Valdar bækur tengjast málörvunarþema hverrar viku. Einnig byrjaði leikskólinn Holt með verkefnið „Bókaormur“ og deildin Stóra-Fell tók þátt í því. Hugmyndin var gert til að efla læsi hjá börnunum og einungis vekja athygli foreldranna á mikilvægi þess að lesa fyrir börnin. Hvert barn á deildinni kom með bók að heiman, sem var svo skoðuð og lesin fyrir alla á deildinni. Verkefnið gekk vel og börnin voru mjög ánægðir með það. Það verður haldið áfram með þetta verkefnið í næsta vetur.
Foreldrum var boðið í jólakaffi og á „opinn dag leikskólans“ þar sem vel var mætt. Einnig var haldin sumarhátíð í júní, þar sem foreldrum var boðið að skemmta sér í garðinum á Stóra-Holti með börnunum sínum.

## 3.4 Sel

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Bókaormur** | Að orð sem börnin velja úr bókum verði sett upp mynd-rænt á bókaorminn með ritmáli. | Að prenta út og útbúa myndir af þeim orðum sem börnin velja. | Deidarstjóri og starfsfólk. | Sept 2023 | Júní 2024 | Rætt á deildar-fundum hvort við sjáum fram- farir í orðaforða. | Að orðaforði aukist og að bæði mynd- og ritmál sé sýnilegra. |
| **Lubbi** | Að hafa Lubbastund einu sinni í viku. | Að setja þessar stundir inn í dag- skipulag og undirbúa efni fyrir þær. | Deildarstjóri og starfsfólk | Sept 2023 | Júní 2024 | Rætt á deildarfundum hvernig gengur. | Að börnin læri að þekkja stafina og málhljóðin. Að stundirnar verði fastur þáttur í dagskipulagi. |

**Greinagerð deildarstjóra á Seli**

Á Seli í vetur hafa verið 15 börn frá 11 þjóðernum. Þrír starfsmenn hafa verið í vetur á Seli og einn starfsmaður sem sér um stuðning. Breytingar urðu í starfsmannahópnum á deildinni, einn starfsmaður hætti í desember og annar kom í staðinn og síðasta haust byrjaði líka nýr starfsmaður á deildinni sem vinnur eftir hádegið. Við þurftum að takast á við ýmsar áskoranir í barnahópnum en þrátt fyrir það og starfsmannabreytingar náðist að halda öllu starfi á deildinni. Við erum mjög ánægðar með það og þær framfarir sem við höfum séð hjá börnunum.
Í október kom til okkar leikskólakennaranemi frá Þýskalandi sem var hjá okkur í sex vikur. Kom hún til okkar út frá Erasmus verkefninu sem skólinn hennar tekur þátt í. Það var mjög fróðlegt að fá nema frá öðru landi og heyra hvernig skólastarfið er þar. Einnig fannst henni mjög áhugavert að kynnast íslensku leikskólaumhverfi og starfinu sem unnið er í skólanum.
Aðaláherslan í starfinu á deildinni hefur áfram verið almenn málörvun, efla málþroskann, auka orðaforða og íslenskukunnáttu hjá börnunum. Öll börnin fóru á hverjum degi í málörvunarstund þar sem lögð var áhersla á ákveðið þema, t.d. matur, föt, leikföng, litir, form o.fl. Hvert þema var í tvær vikur. Börnunum var skipt í þrjá hópa og í vetur prófuðu starfsmenn að rúlla á milli hópanna þannig að hver starfsmaður var eina viku með einn hóp og svo annan hóp næstu viku í staðinn fyrir að vera alltaf með sama hópinn í málörvun. Þetta reyndist mjög vel. Starfsmönnum fannst gott að fara á milli hópa og kynnast þannig öllum börnunum. Við munum halda þessu fyrirkomulagi áfram.
Málörvunarstundirnar gengu mjög vel. Starfsmenn voru mjög ánægðir að vinna eftir ákveðnum þemum og fannst sá tími sem gefinn er fyrir hvert þema vera mjög góður og vilja halda þessu skipulagi áfram. Í málörvunarstundunum unnum við líka með „Lærum og leikum“ og „Lubbi finnur málbein“.
Málörvunarhringekjan var einu sinni í viku hjá okkur. Þá fóru börnin á milli stöðva þar sem mismunandi verkefni voru. Síðasta vetur var hringekjan fyrir börnin Seli inni á Seli en núna í vetur voru allar deildar saman í hringekju og gekk það mjög vel og munum við halda því áfram að hafa hringekjuna sameiginlega fyrir allar deildar.
Á hverjum degi förum við í umsjónarmann þar sem sá sem er umsjónarmaður segir okkur hvaða dagur er og mánuður, hvernig veðrið er og hvernig við þurfum að klæða okkur. Við erum líka með tilfinningatöflu þar sem börnin merkja við með klemmu sem er með nafninu þeirra hvernig þeim líður þann daginn.
Ákveðið var að byrja á nýju verkefni í skólanum í haust sem við köllum Bókaormur. Gengur það út á að á hverjum degi er eitt barn valið og það barn er þá bókaormur og kemur með bók að heiman og við lesum og skoðum bókina í leikskólanum og veljum svo orð úr bókinni sem við setjum á bókaorminn sem er upp á vegg á deildunum. Tilgangur með þessu verkefni er að efla lestur og auka áhuga foreldra á mikilvægi lesturs með börnum sínum. Þetta tókst mjög vel og var mjög skemmtilegt og börnin voru mjög áhugasöm og fannst það vera mjög spennandi að fá að vera bókaormur.

## 3.5 Bakki

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| **Samskipti barnanna á Bakka** | Að börnin sýni hvort öðru meiri tillitssemi og kurteisi | Við leiðbeinum börnunum með þetta frá byrjun. Við hrósum þeim fyrir að leyfa | Starfsfólk Bakka undir leiðsögn deildarstjóra | Ág 23 | Ág 24 | Starfsfólk deildarinnar metur hvort börnin eru tillitssöm og sátt í leik og starfi. | Það er í raun bara framkoma barnanna við hvort annað sem er viðmið |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | hinum að vera með og líka þeim sem fá nei fyrir að hlusta. | | | | | okkar í þessum efnum. |
| **Málörvun** | Við förum daglega í 2-3 málörvunarstundir og börnin fara á 2-3 svæði | Læru og leikum, Lubbi, spil, myndir og bækur tengdar þema | Starfsfólk | | | Börnin eru tekin í Hjómpróf að hausti áður en þau byrja í skólahóp | Að börnin hafi aukið orðaforða og skilning á íslensku |
| **Tilfinningar** | Að börnin taki eftir því hvernig þeim líður og ekki síður hvernig börnunum í kringum þau líður | Börnin eiga klemmu með nafninu sínu og setja hana við mynd sem sýnir tilfinningar. | Starfsfólk | | | Hafa samskipti barnanna batnað og tala börnin um hvernig þeim líður. | Að samskipti barna hafi batnað og að þau geti sagt okkur hvernig þeim líður og líka bent okkur á ef öðrum líður illa. |

**Greinargerð deildarstjóra á Bakka**

Á Bakka eru 3 starfsmenn, þar af 1 í sérkennslu að hluta, og 17 börn af 8 þjóðernum. Við förum í 2-3 málörvunarverkefni á hverjum degi. Við erum með hlutverk fyrir börnin sem eru: **Umsjónarmaður** sem leggur á borð og sækir matinn, **teljari** telur með umsjónarmanni hvað eru mörg börn í mat og lætur vita í eldhúsi, **huggari** sér til þess að barn sem grætur sé huggað eða huggar sjálf/ur, **bókaþjónn** safnar saman bókum og gengur frá í bókahillu, **sópstjóri** hjálpar til í fataklefa að ganga frá, fyrir Covid var ávaxtastjóri en við erum hætt með hann. Einnig ætlum við að vera duglegri að nota Blæ í samverustundum.
Daglega förum við yfir daginn, dagsetningu, mánuð og veðrið og hvernig á að klæða sig til útiveru.

## 3.6 Hóll

| UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Læsi** | Efla hljóðkerfisvitund<br>Að börn þekki bókstafi og hljóð þeirra.<br>Efla orðaforða<br>Vinna með orðaforða út frá sögum sem eru lesnar<br>Ritun: skrifa nafnið sitt og tölustafi.<br>Bókaormur<br>Börn komi með bækur að heima segja sjálf frá sögunni um hvað hún er eða styðja sig við myndir<br>Semji sögur | Í gegnum leik, hópavinnu, söng,lestur spil,hlutverkaleik, einstaklingsvinnu k-pals, bein kennsla, óbein kennsla.<br>Kenna orðaforða | Deildastjóri og starfsmenn | Ágúst 23 | Ágúst 24 | Hljóm2 orðaforðakannanir | Að börn Séu vel undirbúin fyrir grunnskóla nn.<br>Geti talað og tjáð sig á íslensku |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Félagsfærni** | Efla: Falleg og góð samskipti barna<br>Ýta undir samvinnu meðal barnanna, að vinna saman er gaman, og efla tilfinningagreind<br>Öll börn finni að þau eru velkomin<br>Virða skoðanir annarra | Unnið með bangsann Blæ gegn ofbeldi og einelti í gegnum leiki, söngva sögur, samræður ýtt undir samvinnu,<br>Tilfinningamyndir merkt við á hverjum degi hvernig börnum líði. | Allir starfsmenn á deildinni | Ágúst 23 | Ágúst 24 | Að börn tali saman um tilfinningar, leysi ágrennismál,<br>Hafi bekkjafundi. | Að börn geti talað um tilfinningar sínar, líðan og átt í góðum samskiptu m<br>Við önnur börn og fullorðna |

**Greinagerð deildarstjóra á Hóli**

Á Hóli eru elstu börnin í leikskólanum. Þar eru börnin sem byrja í grunnskóla árið eftir. Þau eru oft nefnd skólahópur. Tveir starfsmenn voru á deildinni auk þess tveir stuðningsaðilar.
Skólahópurinn í ár var mjög skemmtilegur og fjörugur hópur. Þau voru 17 í upphafi og mikil fjölmenning í hópnum, níu tungumál töluð á deildinni. Börnin eru ótrúlega, góð, forvitin og tilbúin að læra nýja hluti. Við unnum með félagsfærni, stjörnu vikunnar, Bókaormurinn nýtt verkefni sem snýr að efla bóklestur hjá börnum var tekið upp.
Fyrir utan hefðbundið leikskólalíf og fá að leika sér í frjálsum leik vinna þau verkefni sem undirbúa þau fyrir skólastarfið í samvinnu við hverfisskólann Fellaskóla og næsta leikskóla Ösp, og talmeinafræðinga. Áhersla var lögð á efla íslenska hljóðkerfisvitund, læra og þekkja íslensku bókstafina og hljóð þeirra og efla samskipti barna og vináttu þeirra.
Elstu börnunum er boðið upp á allskyns viðburði , Grasagarðinn, leikhúsferðir, hlusta á sinfóníutónleika taka þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur svo eitthvað sé nefnt. Þau fara í vorskóla í Fellaskóla og fengu þar afnot af íþróttasalnum einu sinni í viku og fengu íþróttatíma með íþróttakennara í íþróttahúsinu í Austurberg,
Leikskólalífið er í eðli sínu síbreytilegt og þurfum við oft að vera sveigjanleg til þess að takast á við dagsdagleg verkefni. Með góðu skipulagi og góðum starfsmönnum tókst að halda uppi fínni starfsemi á deildinni.

# 4 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2022-2023

| | |
|---|---|
| **Skipulagning sérkennslu 2022-2023**<br>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.<br>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ? | Leikskólinn Holt skipuleggur skólastarf sitt út frá skóli án aðgreiningar þar sem allir eiga jafnan rétt á að taka þátt í skólastarfinu. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, uppruna, þörfum og hæfileikum sérhvers barns. Í leikskólanum er mikil fjölmenning sem gerir skipulag leikskólastarfsins flóknara og mun fleiri þættir sem þarf að taka tillit til. Frá byrjun leikskólagöngu barnsins er fylgst með þroska og framförum barnsins og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun. Snemmtæk íhlutun felst í því að greina frávik í þroska með inngripi eins snemma og auðið er. Sérkennslustjóri skipuleggur sérkennsluna í leikskólanum og býr til einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem njóta sérkennslu. Við gerð einstaklingsnámskráa nýtir sérkennslustjóri AEPS listann til þess að meta færni barnsins. Einnig er einstaklingsnámskrá unnin út frá atferlisþjálfun, VB-mapp sem og ráðgjöf frá |

| | |
|---|---|
| | sérfræðingum.<br><br>Sérkennslustjóri leikskólans vinnur í nánu samstarfi við foreldra barnanna og ráðgjafa Suðurmiðstöðvar, þar starfa sálfræðingar, sérkennsluráðgjafar, hegðunarráðgjafar og talmeinafræðingar. Þau börn sem njóta sérkennslu innan leikskólans eru með teymi í kringum sig samanstendur af þeim ráðgjöfum Suðurmiðstöðvar sem barnið þarfnast, stuðningsstarfsmanni, sérkennslustjóra, deildarstjóra og foreldrum. Teymið heldur teymisfundi á 6 – 8 vikna fresti ásamt foreldrum. Á þeim fundum er farið yfir stöðu barnsins, einstaklingsnámskránna, líðan barnsins og framhaldið.<br>Ef grunur vaknar hjá starfsmönnum leikskólans um áhyggjur af börnum, leita þeir til sérkennslustjóra sem skoðar málið í samvinnu við starfsmenn, foreldra og Suðurmiðstöð.<br>Á skólaárinu 2022-2023 voru sjö börn sem voru með skráða stuðningstíma í fyrsta eða öðrum flokki. Þar fyrir utan voru fjögur börn sem þurftu á einhverskonar íhlutun að halda, vegna félags, tilfinninga og/eða hegðunarvanda. Auk barnanna sem fengu íhlutun voru nokkur börn sem rætt var um á lausnarteymisfundum, þar sem tímabundnar áhyggjur lágu vegna velferðar þeirra.<br>**Farsæld barna**<br>Lög um samþættingu í þágu barna hefur verið í innleiðingu í leikskólanum. Lögunum er ætlað að stuðla að farsæld barna og meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.<br>**Ábyrgðaraðilar innan stofnanna, eins og leikskólans Holts eiga að:**<br>Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.<br>Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.<br>Hafa samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.<br>Vorið 2023 var hafin innleiðing á lausnarteymi leikskólans. Sérkennslustjóri er tengiliður leikskólans.<br>Haldnir voru þrír Lausnarteymisfundir vorið 2023.<br>Á þeim fundum var farið yfir þau börn sem eru í sérkennslu nú þegar og allir deildarstjórar upplýstir um stöðu þeirra. Einnig var farið yfir þau börn sem þurftu á sérstakri íhlutun að halda er varðar tilfinninga- og hegðunarvanda eða íhlutun í tengslum við velferð þeirra. Farið var yfir ef Barnavernd var með opið mál og hver þyrfti að gæta eða fylgjast með hjá viðkomandi barni.<br>Á fundunum voru einnig ræddar þær áherslur og sú íhlutun sem á að innleiða hjá viðkomandi barni og tímaáætlun sem á að endurskoða íhlutunina. |
| **Hvaða matsgögn voru notuð?**<br>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl. | Leikskólinn Holt vinnur með AEPS og TRAS listann til þess að gera grein fyrir því hvar börn eru stödd í þroska sem og við gerð einstaklingsnámsskráar.<br>Smábarnalistinn og Íslenski Þroskalistinn eru einnig notaðir þegar sendar eru tilvísanir til Suðurmiðstöðvar.<br>Bókin Behavioral Intervention For Young Children With Autism er mikið notuð til hliðsjónar þegar unnið er með Atferlisíhlutun.<br>Færnimatslistar.<br>EFI-2 málþroskaskimunin er lögð fyrir börn á fjórða aldursári.<br>Hljóm-2 er lagt fyrir elsta árgang leikskólans. |
| **Hvaða námsefni var notað?**<br>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn? | Námsefni sem unnið er með í sérkennslu eru ákveðin leikföng, verkefni út frá AEPS listanum og atferlisíhlutuninni, spil og sjónrænar myndir. Ekki voru keypt ný námsgögn á síðasta ári. Mikið efni er til í skólanum.<br>Aðkeypt gögn sem notast er við milli ára sem og námsgögn sem búin hafa verið til í leikskólanum. |

## Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

| UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSÞÁTTR | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir til umbóta | Ábyrgð | Hefst | Lokið | Hvernig metið/ aðferðir? | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
